

STAPI LÍFEYRISSJÓÐUR

# Ársfundur

## 29. apríl 2015

# DAGSKRÁ FUNDARINS

1. Setning ársfundar
2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat
3. Fjárfestingarstefna sjóðsins
4. Breytingar á samþykktum
5. Kosning stjórnar
6. Kosning löggilts endurskoðanda
7. Laun stjórnar
8. Önnur mál

# 2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat

STAPI

LÍFEYRISSJÓÐUR

## Skýrsla stjórnar

Ágúst Torfi Hauksson, stjórnarformaður



# 2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat

STAPI
LÍFEYRISSJÓÐUR

## Ársreikningur 2014

Kári Arnór Kárason, framkvæmdastjóri



# Hrein eign til greiðslu lífeyris hækkar um 9%

Breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris (m.kr.)

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 7.162 | 6.729 |
| Lífeyrir | -4.395 | -3.967 |
| Fjárfestingartekjur | 10.783 | 9.340 |
| Fjárfestingargjöld | -92 | -81 |
| Rekstrargjöld | -194 | -178 |
| **Hækkun á hreinni eign** | **13.263** | **11.845** |
| Hrein eign frá fyrra ári | 143.501 | 131.657 |
| **Hrein eign í árslok** | **156.764** | **143.501** |

# IÐGJÖLD






# ÞRÓUN IÐGJALDA

Iðgjöld tryggingadeildar voru svo til óbreytt standa og lækkuðu lítið eitt að raunvirði (-0,7%) en iðgjöld séreignar hækkuðu mikið og jákvæðar tilfærslur voru til deildarinnar






# Stærstu iðgjaldagreiðendur (m.kr)

15 stærstu launagreiðendur greiddu 36% iðgjalda Stapa árið 2014



# ATVINNUGREINASKIPTING IÐGJALDAGREIÐENDA



# ALDUR GREIÐANDI SJÓÐFÉLAGA






# Vanskil minnka

Vanskil hafa farið lækkandi og eru nú orðin stöðug í um og innan við 2% af iðgjöldum



# Lífeyrir



# ÞRÓUN LÍFEYRISGREIÐSLNA (M.KR)

**Lífeyrisgreiðslur tryggingadeildar hækka um 11% milli ára (9%)**




**Lífeyrisgreiðslur séreignardeildar hækka um 5% milli ára (3%)**



# LÍFEYRISGREIÐSLUR SÉREIGNARDEILDAR (M.KR)

Sérstakar útgreiðslur úr séreign hafa verið verulegar undanfarin ár – lauk að mestu 2014



# FJÖLDI LÍFEYRISÞEGA Í TRYGGINGADEILD

fjölgun um 532 (7,3%)



# Samsetning lífeyrisgreiðslna



# ALDURSDREIFING LÍFEYRISÞEGA 2014



# ÁSTÆÐUR ÖRORKU OG FJÖLDI ÚRSKURÐA - 1 HVERN DAG

Örorkuúrskurðum fjölgar úr 1 hvern virkan dag í 1 alla daga ársins






# FJÁRFESTINGARTEKJUR






# YFIRLIT ÁVÖXTUNAR

## Ávöxtun tryggingadeildar Stapa sl. 5 ár



# Fjárfestingartekjur tryggingadeildar (m.kr.)



# FJÁRFESTINGARTEKJUR SÉREIGNARDEILDAR (M.KR)



# YFIRLIT ÁVÖXTUNAR

Séreignardeild



# ÁHRIF GJALDMIÐLA

Gjaldmiðlahreyfingar – einkum styrking bandaríkjadals – höfðu jákvæð áhrif á ávöxtun ársins, sem nam 1,3%



# Kostnaður






# ÞRÓUN KOSTNAÐAR

Kostnaðarhlutfall sem hlutfall af meðalstöðu eigna



# Skipting rekstrarkostnaðar



# SAMANBURÐUR Á KOSTNAÐARHLUTFALLI




**M.v. ársreikning ársins 2013*

# Eignasamsetning






# Efnahagsreikningur

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Húseignir og lóðir | 61 | 62 |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 64.129 | 50.209 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 77.599 | 85.111 |
| Veðlán | 1.387 | 1.357 |
| Bundnar bankainnistæður | 2.763 | 2.739 |
| Fullnustueignir | 0 | 0 |
| Kröfur | 705 | 681 |
| Aðrar eignir | 10.996 | 4.220 |
| Skuldir | -877 | -877 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **156.764** | **143.501** |

# SAMSETNING EIGNA TRYGGINGADEILDAR

Eignasamsetning tryggingadeildar í lok árs 2014 (lok árs 2013 í innri hring)



# Söguleg eignasamsetning eignasafns

## Samsetning eigna janúar 1997- desember 2014



# RÍKISSKULDABRÉF 62.760 M.KR. (40%)



# ÖNNUR MARKAÐSSKULDABRÉF 13.259 M.KR. (9%)



# VEÐSKULDABRÉF 3.189 M.KR. (2%)



# ERLEND SKULDABRÉF 1.200 M.KR. (1%)



# INNLEND HLUTABRÉF 22.369 M.KR. (14%)



# ERLEND HLUTABRÉF 31.799 M.KR. (20%)



# SÉRHÆFÐAR ERLENDAR FJÁRFESTINGAR 6.345 M.KR.(4%)



# SKAMMTÍMABRÉF OG INNLÁN 14.723 M.KR. (9%)



# EIGNASAMSETNING SÉREIGNARSAFNA 31.12.2014

## Ólík áhættustig endurspegla mismunandi eignasamsetningu safna séreignardeildar



# 2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat

STAPI

LÍFEYRISSJÓÐUR

## Tryggingafræðilegt mat

Unnið af Bjarna Guðmundssyni, tryggingastærðfræðingi



# Tryggingafræðileg athugun – Stapi 2014

- Tryggingafræðilegar athuganir – aðferðafræði og forsendur
- Niðurstaða Stapa 2014
- Breyting ársins 2014
- Sjóðfélagahópur Stapa

# TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN – STAPI 2014

Aðferðarfræði og forsendur

**Tilgangur athugunar :**

- Kanna hvort eignir sjóðsins muni nægja til að kosta þau lífeyrisréttindi sem samþykktir sjóðsins kveða á um
- Athugunin felst í samanburði eigna og verðmætis iðgjalda við væntanleg útgjöld til greiðslu lífeyris og kostnaðar við rekstur
- Lög 129/1997 kveða á um árlega athugun eftir samræmdum forsendum og aðferðum

# TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN – STAPI 2014

Aðferðarfræði og forsendur

**Væntanleg útgjöld fundin:**

- Upplýsingar fengnar um lífeyrisréttindi sjóðfélaga [ákvæði samþykkta um réttindaöflun]
- Áætlað hversu margir muni njóta lífeyrisgreiðslna og hve lengi
- Auk lífeyrisgreiðslna er metinn rekstrarkostnaður
- Loks er fundið er núvirði útgjaldanna m.v. 3,5% vexti
- **Mat unnið eingöngu miðað við núverandi sjóðfélaga**

# TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN – STAPI 2014

Aðferðarfræði og forsendur

## Mat eigna:

- Metnar eru áætlaðar iðgjaldatekjur með sama hætti og áætlun um útgjöld og fundið núvirði
- Frá dregst kostnaður vegna fjárfestinga
- Eignir sjóðsins koma fram í ársreikningi
  - Við er bætt endurmati eigna, en þá er tekið tillit til þess ef eignir sjóðsins með fastar tekjur bera hærri vexti en 3,5%
  - Eignir á markaðsverði lækkaðar ef áramótaverð er hærra en meðaltal 3ja síðustu mánaða

# Tryggingafræðileg athugun – Stapi 2014

Aðferðarfræði og forsendur

**Framsetning niðurstöðu:**

- **Skuldbindingum** (útgjöldum) skipt í **áfallnar**- og **framtíðar**.
- **Áfallnar** : vegna réttinda sem sjóðfélagar eru búnir að ávinna sér
- **Framtíðar** : áætlaðar vegna réttinda sem núverandi sjóðfélagar eiga eftir að ávinna sér

- **Eignum** er skipt með sama hætti, í núverandi eignir sem mæta áföllnum skuldbindingum og verðmæti iðgjalda sem mætir verðmæti framtíðarskuldbindinga
- **Heildarskuldbindingar** eru samtala áfallinna- og framtíðarskuldbindinga og eru bornar saman við samtölu eigna og verðmætis iðgjalda

# TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN – STAPI 2014

Aðferðarfræði og forsendur

## Helstu forsendur 2014:

- Vextir 3,5% umfram hækkun réttinda
- Lífslíkur íslenskar – reynsla áranna 2007-2011
- Örorkulíkur íslenskar – reynsla lífeyrissjóða 1998-2002
- Forsendur eru óbreyttar frá síðustu athugun
- Ákveðnar með l. 129/1997 og rg. 391/1998 sem einnig tilgreinir leyfileg vikmörk milli eigna og skuldbindinga

# TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN – STAPI 2014

## Niðurstaða

**TAFLA II. TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA STAPA LÍFEYRISSJÓÐS 2014 – FJÁRHÆÐIR Í MILLJÓNUM**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| | **Áunnið** | **Framtíð** | **Heildar** |
| Eignir: | 152.359,9 | | 152.359,9 |
| Endurmat: | -1.798,8 | | -1.798,8 |
| Fjárfestingagjöld: | -1.783,4 | | -1.783,4 |
| Örorkuframlag | | 5.271,1 | 5.271,1 |
| Iðgjöld: | | 99.081,6 | 99.081,6 |
| **Samtals:** | **148.777,7** | **104.352,7** | **253.130,4** |
| | | | |
| **Skuldbindingar** | | | |
| | | | |
| Ellilífeyrir: | 128.457,2 | 77.036,4 | 205.493,6 |
| Örorkulífeyrir: | 20.994,6 | 17.849,4 | 38.844,0 |
| Makalífeyrir: | 8.578,3 | 4.498,8 | 13.077,1 |
| Barnalífeyrir: | 191,3 | 1.427,9 | 1.619,2 |
| Kostnaður: | 1.748,5 | 2.267,3 | 4.015,8 |
| **Samtals:** | **159.969,9** | **103.079,8** | **263.049,7** |
| | | | |
| **Mismunur:** | **-11.192,2** | **1.272,9,** | **-9.919,3** |
| **Hlutf. af skuldb.** | **-7,00%** | **1,23%** | **-3,77%** |

# Tryggingafræðileg athugun – Stapi 2014

Niðurstaða

- Staða sjóðsins er innan almennra marka l.129/1997 :
- Ef munur milli eigna og skuldbindinga lífeyrissjóðs er minni en 5% er ekki skylda til að grípa til aðgerða
- Nú eru í gildi bráðabirgðaákvæði um tryggingafræðilega stöðu sem eru enn rýmri

# Tryggingafræðileg athugun – Stapi 2014

Breyting frá fyrra ári

- Tryggingafræðileg staða batnar frá fyrra ári

| | |
|---|---|
| Þá | - 4,48% |
| Nú | - 3,77% |

- Til að ná jafnvægi án skerðingar eða nýrra sjóðfélaga þyrftu raunvextir til framtíðar að verða um 3,68%
- Batnandi staða skýrist einkum af því að vextir að teknu tilliti til endurmats voru um 5,3%, töluvert umfram 3,5% viðmið

# Tryggingafræðileg athugun – Stapi 2014

Breyting áfallinnar skuldbindingar frá fyrra ári

| | |
|---|---|
| Skuldbinding 2013 | **149,4** |
| Verðbætur 2014 | 1,6 |
| Vextir, 3,5% | 5,5 |
| Greiddur lífeyrir | - 4,0 |
| Nýjar skuldbindingar | 7,1 |
| Frávik í tryggingaþáttum | 0,4 |
| Alls lífeyrisskuldb. lok 2013 | **160,0** |

# TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN – STAPI 2014

Yfirlit um sjóðafélaga



# TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN – STAPI 2014

Yfirlit um sjóðfélaga






# 3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins

STAPI LÍFEYRISSJÓÐUR

## Fjárfestingastefna og ávöxtun

Arne Vagn Olsen, fjárfestingastjóri



# Ávöxtun eigna 2014






# ÞRÓUN INNLENDRA HAGSTÆRÐA 2014

## Í samanburði við síðustu 5 ár

### 12 mánaða verðbólga í árslok með lægsta móti




### Hagvöxtur nam 1,9% í árslok




### Íslenska krónan (GVT) styrktist um 1,7%




### Stýrivextir voru lækkaðir í tvígang á árinu 2014



# ÞRÓUN INNLENDRA EIGNAMARKAÐA 2014

## Óverðtryggð skuldabréf gáfu góða ávöxtun á árinu




## Skrykkjótt ár hlutabréfa en mikil hækkun undir lok árs




## Ársvextir á bundnum innlánum til 1 mánaðar



# ÞRÓUN ERLENDRA EIGNAMARKAÐA 2014

## Hlutabréf – nýmarkaðir áttu erfitt uppdráttar




Vísitölur reiknaðar í USD

## Ríkisskuldabréf áttu sveiflukennt ár…




## …og ávöxtun marksjóða var þokkaleg



# GÓÐ ÁVÖXTUN STAPA ÁRIÐ 2014

Raunávöxtun nam 6,2%

## Raunávöxtun er sú besta frá árinu 2006




## Raunávöxtun síðustu fimm ára er yfir 3,5%




Miðað við bókfært virði

# ÁHÆTTUMEIRI EIGNIR SKILUÐU GÓÐRI ÁVÖXTUN

## Hlutabréf skiluðu hæstu ávöxtun eignaflokka Stapa...




## ...og ávöxtunarframlag var borið uppi af tveimur eignaflokkum




Nafnávöxtun, reiknuð á markaðsvirði

# Yfirlit stakra eignaflokka

## Innlend skuldabréf

**Selt var fyrir 11,6 ma. kr. umfram kaup í ríkisskuldabréfum...**




Upphæðir í ma. kr.

**...sem skiluðu lágri ávöxtun**




Nafnávöxtun, reiknuð á markaðsvirði

# Yfirlit stakra eignaflokka

## Innlend hlutabréf

Fjárfest var fyrir 5,3 ma. kr. umfram kaup í skráðum hlutabréfum..




Upphæðir í ma. kr.

...og sá eignaflokkur skilaði hæstri ávöxtun innlendra hlutabréfa




Nafnávöxtun, reiknuð á markaðsvirði

# Yfirlit stakra eignaflokka

## Erlend hlutabréf

### Töluvert var aukið við skráð hlutabréf...




Upphæðir í ma. kr.

### ...en framtaksfjárfestingar skiluðu hæstu ávöxtun erl. hlutabréfa




Nafnávöxtun, reiknuð á markaðsvirði

# YFIRLIT STAKRA EIGNAFLOKKA

## Sérhæfðar erlendar fjárfestingar

### Litlar breytingar gerðar á eignasamsetningu...




Upphæðir í ma. kr.

### ...marksjóðir skiluðu góðri ávöxtun en hrávörusjóður lækkaði




Nafnávöxtun, reiknuð á markaðsvirði

# YFIRLIT STAKRA EIGNAFLOKKA

## Erlend skuldabréf

### Nær öll erlend skuldabréfaeign var seld á árinu...




Upphæðir í ma. kr.

### ...og ávöxtun eignaflokksins var heldur lág




Nafnávöxtun, reiknuð á markaðsvirði

# Ávöxtun Stapa er í meðallagi 2014

## Áhættumeiri sjóðir hafa skilað hærri ávöxtun undanfarin ár

### Raunávöxtun Stapa til 1 árs er í meðallagi…




### …en lág sé horft til fimm ára á ársgrunni






Hrein raunávöxtun til eins árs og árleg hrein raunávöxtun til fimm ára.

# Mismunandi eignasamsetning skýrir muninn

## Stapi hefur tekið minni áhættu en margir innlendir lífeyrissjóðir

### Eignasamsetning í ársbyrjun 2014




### Eignasamsetning í árslok 2014




Heimild: Stapi og Seðlabanki Íslands

# Samantekt

- Töluverðar breytingar voru gerðar á eignasamsetningu Stapa á árinu
  - » Eign í innlendum ríkisskuldabréfum minnkaði um 10 ma. kr.
  - » Eign í innlendum hlutabréfum jókst um 7 ma. kr. og um 8 ma. kr. í erlendum hlutabréfum
- Ávöxtun 2014 litast af varfærinni fjárfestingarstefnu Stapa
  - » Stapi hefur verið áhættuminni en flestir aðrir íslenskir lífeyrissjóðir, kemur niður á ávöxtun þegar áhættumeiri eignir skila góðri ávöxtun
  - » Stór hluti eigna er fjárfestur í innlendum skuldabréfum sem skiluðu slakri ávöxtun árið 2014
- Erum tiltölulega bjartsýn á ávöxtun 2015, þó blikur á lofti
  - » Eignamarkaðir eru víða í hæstu gildum
  - » Óvissa tengd komandi kjarasamningum
  - » Aukinn ófriður erlendis, m.a. ISIS, Rússland, Grikkland og ESB

# SÉREIGN

   

# VARKÁRA SAFNIÐ (SAFN I)

## Eignasamsetning og árangur

**Dregið var úr vægi innlendra hlutabréfa og innlán aukin…**




**…og ávöxtun safnsins var yfir ávöxtun viðmiðunarvísitölu þess**



# Áræðna safnið (Safn II)

## Eignasamsetning og árangur

### Vægi innlendra skuldabréfa aukið lítillega á árinu




### ...og ávöxtun safnsins var yfir ávöxtun viðmiðunarvísitölu þess



# INNLÁNASAFNIÐ (SAFN III)

## Eignasamsetning og árangur

### Að fullu ávaxtað í innlánum...




### ...ávöxtun undir viðmiðunarvísitölu á árinu



# Fjárfestingarstefna Stapa lífeyrissjóðs 2015






# Fjárfestingarstefna Stapa 2015

## Hver er tilgangur fjárfestingarstefnu?

- Fjárfestingarstefna hvers árs segir til um hvert skuli stefna í fjárfestingum sjóðsins á því ári
  - » Á að auka eða minnka áhættu?
  - » Á að auka eða draga úr vægi einstakra eignaflokka?
- Fjárfestingarstefnan skilgreinir heimildir starfsmanna sjóðsins til fjárfestinga
  - » Hversu mikið má sjóðurinn eiga í tilteknum eignaflokkum, t.d. innlendum hlutabréfum?
- Fjárfestingarstefnan skilgreinir viðmið fyrir eignasafnið
  - » Viðmið notað til að meta árangur stýringar

# Fjárfestingarstefna Stapa

Hver eru markmiðin?

- Í fjárfestingarstefnu Stapa eru fjárfestingarmarkmið tryggingadeildar sjóðsins skilgreind:
  - » Að ná að ávaxta sjóðinn þannig að hann standi undir skuldbindingum
    - Árleg raunávöxtun undanfarin 5 ár nemur 3,6%
  - » Að ná 1-2% ávöxtun umfram verðbréfagrunn (viðmiðunarvísitölu) á hverju 5 ára tímabili
    - Árleg hækkun viðmiðunarvísitölu 2010-2014 nemur 7,6% en ávöxtun sjóðs á sama tímabili nemur 7,0%.
  - » Að ná a.m.k. 0,5-1,0% ávöxtun umfram meðalsjóðinn á hverju 5 ára tímabili
    - Meðalraunávöxtun (óvegin) lífeyrissjóða undanfarin 5 ár er 4,8%, ávöxtun Stapa á sama tímabili nemur 3,6%

# Fjárfestingarstefna Stapa

Hvernig er hún unnin?

- Stjórn Stapa ásamt starfsmönnum vinnur fjárfestingarstefnu sem skal skilað til FME fyrir 1. desember árlega
- Útgangspunktur stefnunnar er tryggingafræðileg staða sjóðsins sem skilgreinir um leið áhættuþol hans
  - » Þegar tryggingafræðileg staða er neikvæð er dregið úr áhættu og öfugt
- Þegar áhættuþol hefur verið skilgreint er sjóðnum sett áhættumarkmið og í framhaldinu fjárfestingarmarkmið
- Fjárfestingarmarkmið verður að fjárfestingarstefnu fyrir komandi ár
  - » Skilgreinir fjárfestingarheimildir ársins

# Helstu forsendur fjárfestingarstefnu 2015

## Spáum 3,3% verðbólgu í árslok 2015




## Spáum hækkandi ávöxtun innlendra eigna




## Spáum lægri ávöxtun erlendra eignaflokka




## Aðrar forsendur

- Gengisvísitala ISK verði óbreytt
- Engar gjaldeyrisvarnir komi til á árinu

# FJÁRFESTINGARHEIMILDIR OG MARKMIÐ 2015

## Fjárfestingarmarkmið í árslok 2015




## Hámarkseign í stökum eignaflokkum – innlend hlutabréf í 20%



# Samsetning viðmiðunarvísitölu 2015

## Dregið úr vægi skuldabréfa, aukið við hlutabréf og skammtímabréfa



# Áætluð ávöxtun og áhætta 2015

Markmiðsávöxtun er lægri en sögulegt meðaltal...




...og áhættan sömuleiðis




Hlutfall tryggingaeigna er lægra en langtímameðaltal...




...og hlutfall ávöxtunareigna að sama skapi hærra




Tryggingaeignum er ætlað að ná a.m.k. sömu ávöxtun og skuldbindingar við flestar markaðsaðstæður á 1-3 ára tímabili
Ávöxtunareignum er ætlað að auka ávöxtun umfram vöxt skuldbindinga til lengri tíma litið (+5 ár)

# Ávöxtun fyrstu þrjá mánuði árs 2015 er góð

## Þróun eignamarkaða (ISK) – góð hækkun skráðra hlutabréfa




## Nafnávöxtun fyrstu þrjá mánuði nemur 4,6%



# FJÁRFESTINGARSTEFNA 2015

Samantekt

- Heildaráhætta hefur ekki verið aukin
  - » Markmiðsáhætta er sambærileg og á árinu 2014
- Gert er ráð fyrir hærra hlutfalli áhættumeiri eigna
  - » Aukið við vægi hlutabréfa og dregið úr vægi skuldabréfa
- Spá er spá
  - » Ólíklegt að allar forsendur gangi eftir
- Nafnávöxtun ársins er áætluð 7,3%
  - » Miðað við áætlaða verðbólgu þýðir það tæplega 4% raunávöxtun
  - » Fyrstu þrír mánuðir 2015 hafa skilað 4,6% nafnávöxtun

# 3. GERÐ GREIN FYRIR FJÁRFESTINGARSTEFNU SJÓÐSINS

STAPI LÍFEYRISSJÓÐUR

## ÁHÆTTUSTÝRING

JÓNA FINNDÍS JÓNSDÓTTIR, ÁHÆTTUSTJÓRI



# ÁHÆTTUSTÝRING

- Markmið
  - Hámarka líkur á að sjóðurinn standi við skuldbindingar.
  - Stuðla að árangri og skilvirkni í starfsemi sjóðsins.
  - Tryggja áreiðanleika fjárhagsupplýsinga.
  - Tryggja hlítingu við lög og reglur.

- Framkvæmd
  - Töluleg markmið áhættu við ávöxtun fjármuna.
  - Vöktun ýmissa áhættuþátta.
  - Hlíting við lög, tilmæli og reglur er könnuð.

# Flokkun Áhættu

- *Lífeyristryggingaáhætta* er hættan á því að skuldbindingar sjóðsins vaxi umfram eignir og að skerða þurfi réttindi sjóðfélaga.

- *Mótaðilaáhætta* er hættan á að mótaðilar eða milliliðir í viðskiptum standi ekki í skilum eða að hæfni þeirra til greiðslu versni verulega.

- *Fjárhagsleg áhætta* (markaðsáhætta) lýtur fyrst og fremst að fjárhagslegum atriðum í starfsemi sjóðsins, þ.e. hættu á fjárhagslegu tapi vegna breytinga á markaðsvirði liða innan og utan efnahagsreiknings

- *Rekstraráhætta* lítur fyrst og fremst að starfsemi lífeyrissjóðsins, þ.e. hætta á tjóni sem rekja má til ófullnægjandi eða ónothæfra innri verkferla, upplýsingakerfa, starfsmanna eða til ytri atburða.

# Helstu áhersluatriði

- Mikil áhersla er lögð á eftirfylgni við fjárfestingar sjóðsins.
  - » Kostgæfniathuganir eru unnar á nýjum eignastýrendum og óskráðum eignum.
  - » Fjárfestingar eftir atvikum bornar undir framkvæmdastjóra, áhættustjóra og stjórn.
  - » Mánaðarlegar skýrslur um afkomu eigna.

- Eins er mikil áhersla lögð á réttmæti úrskurða lífeyris.
  - » Lífeyrisnefnd fer yfir alla úrskurði.
  - » Áhættustjóri og innri endurskoðandi fer yfir úrtak lífeyrisúrskurða.

# EFTIRLIT ÁHÆTTUSTJÓRA

- Mánaðarlega er lögð fyrir stjórn stutt áhættuskýrsla, ársfjórðungslega ítarlegri skýrsla.
- Hlítingarskýrsla er lögð fyrir stjórn ársfjórðungslega, þar er skoðað hvort sjóðurinn fari eftir lögum, reglum og fjárfestingastefnu.
- Kannanir áhættustjóra eru athuganir á hvort farið sé að hinum ýmsu innri reglum og verkferlum sjóðsins. Sum atriði eru skoðuð mánaðarlega, önnur ársfjórðungslega eða árlega.
- Áhættuáætlun í fjárfestingarstefnu.
- Kostgæfniathuganir, skrifa minnisblað um stærri/flóknari fjárfestingar.
- Fylgist með skráningu viðskipta og upplýsinga um verðbréf.
- Sér um samskipti við innri endurskoðanda.
- Situr fundi endurskoðunarnefndar, stjórnar og fjárfestingaráðs (mánaðarlega).











# Helstu áhættuþættir sjóðsins






# Skerðingaráhætta

- **Skerðingaráhætta** er nokkur þar sem tryggingafræðileg staða sjóðsins var neikvæð um 3,8% í lok árs 2014.
  - » Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 kveða á um að sé tryggingafræðileg staða sjóðsins neikvæð um meira en 10% verði sjóðurinn að skerða.
  - » Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.
  - » Ef spá sjóðsins skv. fjárfestingarstefnu um ávöxtun og áhættu eignaflokka gengur eftir þá eru um 30% líkur á að tryggingafræðileg staða sjóðsins verði neikvæð um meira en 5% í lok árs 2015.



# SKERÐINGARÁHÆTTA

Þróun tryggingafræðilegrar stöðu næstu ár,
m.v. núverandi tryggingafræðilega stöðu og framtíðar raunávöxtun.

| | Fjöldi ára | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Raunávöxtun | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6% | -2,4% | -1,1% | 0,3% | 1,7% | 3,2% |
| 4% | -3,5% | -3,2% | -3,0% | -2,7% | -2,4% |
| 3,5% | -3,8% | -3,8% | -3,8% | -3,8% | -3,8% |
| 3% | -4,0% | -4,3% | -4,6% | -4,8% | -5,1% |
| 2% | -4,6% | -5,3% | -6,1% | -6,9% | -7,6% |
| 0% | -5,6% | -7,4% | -9,2% | -10,8% | -12,5% |
| -2% | -6,7% | -9,4% | -12,1% | -14,6% | -16,9% |

# VERÐBREYTINGARÁHÆTTA

- Stærsti hluti eigna Stapa eru skráðar á markað og verð þeirra er breytilegt.
- Óskráðar eignir sveiflast líka í verði þó svo upplýsingar um verðbreytingar séu oft óaðgengilegar.
- Sjóðurinn er þó með varfærna fjárfestingarstefnu og flökt eignasafnsins í heild mælist nú lágt í sögulegu tilliti eða 2,1% (mælt sem 12 mánaða staðalfrávik, reiknað til árs).



# VERÐBREYTINGARÁHÆTTA

## Áhættudreifing

- Eignaflokkar bera með sér mismikla áhættu.
- Með því að blanda saman eignum úr ólíkum eignaflokkum minnka líkur á að eignasafnið í heild sveiflist eins mikið og hver eignaflokkur fyrir sig.



# VERÐBÓLGUÁHÆTTA

- Einungis 43% eigna sjóðsins eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs en allar skuldbindingar sjóðsins eru verðtryggðar.
- Ef vísitala til verðtryggingar hækkar um 10% þá versnar tryggingafræðileg staða um 3%.
- Verðbólguspá Seðlabankans gerir þó ráð fyrir lágri verðbólgu á árinu 2015 og hóflegri næstu þrjú ár.

Breyting frá fyrra ári (%)



# LÝÐFRÆÐILEG ÁHÆTTA

.. íslenskra lífeyrissjóða er mikil.

- Við mat á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins og þeirri réttindaávinnslu sem samþykktir kveða á um er ekki tekið tillit til þeirrar leitni sem hefur verið í lengingu lífaldurs Íslendinga undanfarna áratugi.

- Nú eru notaðar lífslíkur áranna 2007-2011 en ef tekið væri tillit til sænskrar spár um hækkandi lífslíkur væri tryggingafræðileg staða sjóðsins 8-9% verri en nú er reiknað með miðað við að upphaf lífeyristöku verði áfram óbreytt þ.e. við 67 ára aldur.

- Nú hafa tryggingastærðfræðingar unnið nýjar töflur um lífslíkur byggðar á reynslu áranna 2010-2014 og áætlað er að tryggingafræðileg athugun vegna 2015 verði gerð með þær töflur sem grunn og að áætlun um áframhaldandi lækkun dánartíðni verði tekin með í reikninginn.



# Nýtt kerfi - Úrskurðaráhætta

- Úrskurðaráhætta lífeyris mun aukast umtalsvert í fyrstu ef samþykkt verður að taka upp nýtt lífeyriskerfi í samræmi við fyrirliggjandi tillögur.

- Mikilvægt er að nýtt lífeyrisréttindakerfi og yfirfærsla í það verði vel skipulögð og framkvæmd eftir ítarlegar prófanir og samanburð við fyrra kerfi.

- Eins krefst nýtt kerfi þess að starfsmenn á lífeyrissviði þurfa að setja sér nýjar verklagsreglur að einhverju leyti við úrskurð lífeyris.

# EFTIRFYLGNI SJÓÐFÉLAGA






# IÐGJÖLD OG YFIRLIT RÉTTINDA

STAPI LÍFEYRISSJÓÐUR

- Mikilvægt er að sjóðfélagar beri saman iðgjöld samkvæmt launaseðlum og yfirlit iðgjaldagreiðslna hjá Stapa.
- Senda sjóðnum launaseðla ef iðgjöld skila sér ekki.
- Sjóðfélagayfirlit eru send út tvisvar á ári til virkra sjóðfélaga.
- Sjóðfélagar geta fengið aðgang að sjóðfélagavef.

**www.stapi.is -> Vefur sjóðfélaga ->**




Lífeyrisgáttin

# ÁVINNSLA RÉTTINDA OG ÚRSKURÐIR LÍFEYRIS

- Samþykktir sjóðsins skilgreina:
  - » Hvernig sjóðfélagar ávinna sér réttindi í samræmi við inngreidd iðgjöld.
  - » Hvenær og hversu háan lífeyri sjóðfélagar fá úrskurðaðan.

- Áreiðanleiki úrskurða mikilvægur, bæði fyrir lífeyrisþega og sjóðinn í heild.
  - » Mikilvægt er að lífeyrisþegar skoði vel hvaða lífeyri þeir fá úrskurðaðan og leiti skýringa hjá sjóðnum séu þeir í vafa um einhver atriði.

# 5. Kosning stjórnar



# Kosning stjórnar

Frá launagreiðendum:

**Tillaga til ársfundar 2015**

- Aðalmenn til tveggja ára:
  - Erla Jónsdóttir, Blöndósi
  - Kristín Halldórsdóttir, Akureyri

- Varamenn:
  - Oddur Helgi Halldórsson, Akureyri  (1)
  - Ævar Jónsson, Akureyri ( 1)
  - Guðrún Ingólfsdóttir, Höfn (2)
  - Auður Anna Ingólfsdóttir, Egilsstöðum (2)

# Kosning stjórnar - Stéttarfélög

Frá launamönnum:

**Tillaga til ársfundar 2015**

Aðalmenn til tveggja ára:

- Sverrir Mar Albertsson, Eskifirði
- Tryggvi Jóhannsson, Akureyri

Varamenn til tveggja ára:

- Kristján Eggert Guðjónsson, Vopnafirði
- Heimir Kristinsson, Akureyri

# 4. Breytingar á samþykktum 2015

Kári Arnór Kárason,

framkvæmdastjóri



# AÐDRAGANDI SAMÞYKKTARBREYTINGA (1/2)

| | |
|---|---|
| 2008 | Efnahagshrun – tryggingafræðileg staða breytist<br>úr jákvæðri í neikvæða |
| 2009 | Umræða um viðbrögð og mat á stöðu |
| 2010 | Ákvarðanir um skerðingar og vangaveltur um breytingar<br>til að auka jafnvægi til framtíðar litið |
| 2011 | Hugmyndavinna – skoðun á mögulegum lífeyriskerfum<br>Fyrstu drög að nýju kerfi |
| 2012 | Stjórnarformaður kynnir hugmynd að nýju kerfi á ársfundi<br>Stjórn ákveður að láta vinna frekari tillögur<br>– tryggingastærðfræðingur kemur að málunum |
| 2013 | Unnið að nýju kerfi – útreikningar og hermilíkan<br>Tillögur að nýju kerfi lagðar fyrir stjórn<br>Unnið kynningarefni fyrir aðildarfélög og sjóðfélaga |

# Aðdragandi samþykktarbreytinga (2/2)

## 2014

- Mars: Kynningarefni send aðildarfélögum og birt á heimasíðu samhliða frétt
- Apríl: Stjórn samþykkir að fá tryggingastærðfræðing sjóðsins til að kynna kerfið á ársfundi
- Maí: Tryggingastærðfræðingur kynnir nýtt kerfi á ársfundi – samþykkt að láta vinna endanlegar tillögur
- Júní-sept: Unnið að endanlegum tillögum
- Sept-Nóv: Kynningar fyrir aðildarfélögum – 10 kynningarfundir
- Sept: Hugmyndir að nýju kerfi kynntar hjá LL, starfsmönnum sjóða og fulltrúum FME
- Nóv: Formlega óskað eftir afstöðu aðildarfélaga til tillagna

## 2015

- Jan: Tillögur að nýju réttindakerfi kynntar fyrir SA
- Jan: Aðildarfélög samþykkja samhljóða að leggja tillögur fyrir ársfund
- Feb: Tillögur að nýju kerfi kynntar hjá lífeyrisnefnd ASÍ
- Feb: Tillögur til samþykktabreytinga lagðar fyrir stjórn
- Mars: Lögfræðileg rýni á tillögum til samþykktarbreytinga
- Mars: Þarfagreining vegna breytinga á hugbúnaðarkerfum sett í gang
- Apríl: Endanlegar tillögur afgreiddar af stjórn
- Apríl: Tillögur kynntar FME
- Apríl: Samþykktarbreytingar lagðar fyrir ársfund

# Núverandi kerfi gerir ráð fyrir hækkun lífeyrisréttinda óháð ávöxtun eignanna sem tryggja eiga réttindin



# Í NÝJU KERFI BREYTAST LÍFEYRISRÉTTINDI Í TAKTI VIÐ ÁVÖXTUN EIGNA AÐ BAKI RÉTTINDUM



# Breytingar á réttindakerfinu

- Núverandi kerfi -

- Iðgjaldi er **ekki skipt** sérstaklega milli tryggingaþátta (ellilífeyris og áfallalífeyris). Kostnaðurinn minna sýnilegur og aukinn kostnaður við eina tegund getur bitnað á annarri.
- Réttindi myndast samkvæmt **réttindatöflu.** Réttindatafla segir til um hvaða réttindi menn fá fyrir hverjar 10.000 kr. sem þeir greiða í iðgjald. Réttindi mismunandi eftir aldri.
- Réttindataflan byggir á **lýðfræðilegum** forsendum (lífs- og dánarlíkum, örorkulíkum o.s.frv.) og því að sjóðurinn nái **3,5% raunávöxtun**.
- Mikill **munur** getur myndast á milli eigna og skuldbindinga (lífeyrisloforða).
- „Lífeyrisloforðið" – það sem gefið er upp á yfirlitunum - er **háð því að sjóðurinn nái 3,5% raunávöxtun.**
- Fari munurinn yfir viss mörk (+/- 10% á ári - +/5% yfir 5 ára tímabil) segja lög og samþykktir að hann **ber að leiðrétta**.
- Breytingar gerast því í **stórum stökkum**. Bæði fyrir þá sem eru að ávinna sér réttindi og lífeyrisþega, sem farnir eru að lifa af lífeyrinum.

# Tafla I Réttindatafla sjóðsins – núgildandi reglur

Árleg lífeyrisréttindi fyrir hvert 10 þús. króna iðgjald

| Aldur | Lífeyris-réttindi | Aldur | Lífeyris-réttindi | Aldur | Lífeyris-réttindi | Aldur | Lífeyris-réttindi | Aldur | Lífeyris-réttindi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **16** | 3.172 | 27 | 1.943 | 38 | 1.318 | 49 | 1.032 | 60 | 854 |
| **17** | 3.064 | 28 | 1.863 | 39 | 1.282 | 50 | 1.014 | 61 | 838 |
| **18** | 2.952 | 29 | 1.789 | 40 | 1.249 | 51 | 997 | 62 | 822 |
| **19** | 2.813 | 30 | 1.719 | 41 | 1.218 | 52 | 979 | 63 | 803 |
| **20** | 2.678 | 31 | 1.655 | 42 | 1.189 | 53 | 963 | 64 | 785 |
| **21** | 2.551 | 32 | 1.597 | 43 | 1.163 | 54 | 949 | 65 | 767 |
| **22** | 2.432 | 33 | 1.541 | 44 | 1.138 | 55 | 933 | 66 | 747 |
| **23** | 2.321 | 34 | 1.489 | 45 | 1.115 | 56 | 917 | | |
| **24** | 2.217 | 35 | 1.442 | 46 | 1.092 | 57 | 901 | | |
| **25** | 2.119 | 36 | 1.397 | 47 | 1.071 | 58 | 886 | | |
| **26** | 2.027 | 37 | 1.356 | 48 | 1.052 | 59 | 871 | | |

Jafnvinnsluréttindi eru 1.234 krónur fyrir hvert 10 þús. króna iðgjald.

# Breytingar á réttindakerfinu

- Nýtt kerfi -

- **Iðgjaldinu skipt** milli eftirlauna og áfallalífeyris. **Kostnaðurinn sýnilegur** – þarf að breyta skiptingu iðgjalds ef kostnaður breytist.
- Iðgjald safnast í **iðgjaldasjóð** – iðgjaldasjóður er ekki séreign.
- Iðgjaldasjóði breytt í eftirlaun í samræmi við töflu, þegar taka lífeyris hefst
- Iðgjaldasjóður **fær sömu ávöxtun og verða á eignum sjóðsins**, þannig að réttindi myndast í samræmi við ávöxtun sjóðsins
- **Frávik** eigna frá skuldbindingum ættu að vera **óveruleg**
- **Minni líkur** en ella að gera þurfi verulegar breytingar á lífeyri eftir að hann hefur verið úrskurðaður
- Breytingar gerast **jafnt og þétt** – líkur á stórum stökkum minnka verulega
- Á yfirlitum yrðu gefin upp möguleg eftirlaun miðað við mismunandi ávöxtunarforsendur

# Tafla I – hlutfall iðgjalds sem fer til tryggingaverndar

STAPI LÍFEYRISSJÓÐUR

(örorku-, maka- og barnalífeyris)

| Aldur | Hlutfall | Aldur | Hlutfall | Aldur | Hlutfall | Aldur | Hlutfall | Aldur | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 16 | 36,5% | 27 | 41,1% | 38 | 36,9% | 49 | 27,9% | 60 | 13,7% |
| 17 | 37,3% | 28 | 41,0% | 39 | 36,2% | 50 | 27,0% | 61 | 11,7% |
| 18 | 38,1% | 29 | 40,9% | 40 | 35,4% | 51 | 26,1% | 62 | 9,5% |
| 19 | 38,8% | 30 | 40,7% | 41 | 34,6% | 52 | 25,1% | 63 | 7,1% |
| 20 | 39,4% | 31 | 40,4% | 42 | 33,8% | 53 | 24,0% | 64 | 4,7% |
| 21 | 39,9% | 32 | 40,1% | 43 | 33,0% | 54 | 22,9% | 65 | 3,3% |
| 22 | 40,2% | 33 | 39,7% | 44 | 32,2% | 55 | 21,7% | 66 | 3,0% |
| 23 | 40,6% | 34 | 39,2% | 45 | 31,4% | 56 | 20,4% | | |
| 24 | 40,8% | 35 | 38,7% | 46 | 30,5% | 57 | 19,0% | | |
| 25 | 40,9% | 36 | 38,2% | 47 | 29,7% | 58 | 17,4% | | |
| 26 | 41,0% | 37 | 37,5% | 48 | 28,8% | 59 | 15,6% | | |

# HVERNIG MYNDAST IÐGJALDASJÓÐUR

STAPI LÍFEYRISSJÓÐUR

a) + Iðgjald greitt til sjóðsins skv. 16.gr.

b) + Jöfnunariðgjald ef réttur til jafnarar ávinnslu skv. gr. 17.5 er fyrir hendi

c) - Framlag í starfsendurhæfingarsjóð

d) - Iðgjald til tryggingaverndar

= **Iðgjald til uppsöfnunar**

e) +/- Ávöxtun á eignum sjóðsins

f) + Hlutdeild í iðgjaldasjóði látinna sjóðfélaga

g) +/- Breytingar vegna tryggingafræðilegs uppgjörs

\+ Iðgjaldasjóður í ársbyrjun

= Iðgjaldasjóður í árslok

# TAFLA II – BREYTING Á IÐGJALDASJÓÐI Í EFTIRLAUN

Taflan sýnir hvernig hverjum 100.000 kr. í iðgjaldasjóði er breytt í mánaðarleg eftirlaun miðað við aldur sjóðfélaga við töku eftirlauna

| Aldur | Eftirlaun | Aldur | Eftirlaun | Aldur | Eftirlaun |
|---|---|---|---|---|---|
| 60 | 513 | 66 | 617 | 71 | 731 |
| 61 | 528 | 67 | 639 | 72 | 759 |
| 62 | 543 | 68 | 659 | 73 | 790 |
| 63 | 560 | 69 | 682 | 74 | 823 |
| 64 | 578 | 70 | 705 | 75 | 859 |
| 65 | 597 | | | | |

# ÚTREIKNINGUR Á EFTIRLAUNUM

- Dæmi: Jóna Jónsdóttir hefur greitt af 450.000 kr. launum til sjóðsins í 40 ár. Sjóðurinn hefur ávaxtast um 3,5% á ári þennan tíma.

- Hún hefur því náð að safna **39.694.326** kr. í iðgjaldasjóð. Hún fór á eftirlaun 67 ára að aldri og voru þau sem hér segir:

- 39.694.326/100.000 x 639 = **253.647** kr. á mánuði eða um **56%** af meðal mánaðarlaunum.

- Hefði Jóna verið með 250.000 kr. laun hefði iðgjaldasjóðurinn verið **22.052.403** og eftirlaunin **140.915**

# Yfirlit sjóðfélaga – 26 ára

| | |
|---|---|
| ▪ Iðgjaldasjóður frá fyrra ári | 279.226 |
| ▪ Iðgjald ársins | 480.000 |
| ▪ Áfallatryggingar | -206.400 |
| ▪ Lagt í iðgjaldasjóð á árinu | 273.600 |
| ▪ Ávöxtun ársins | 14.248 |
| ▪ Iðgjaldasjóður í lok árs | 567.074 |

- Mánaðarlegur lífeyrir mv. sama iðgjald og ávöxtun fram að lífeyristökualdri

| | |
|---|---|
| 2,5% | 150.230 |
| 3,5% | **203.528** |
| 4,5% | 256.003 |

# YFIRLIT SJÓÐFÉLAGA – 61 ÁRS

STAPI LÍFEYRISSJÓÐUR

| | |
|---|---|
| ▪ Iðgjaldasjóður frá fyrra ári | 20.585.822 |
| ▪ Iðgjald ársins | 480.000 |
| ▪ Áfallatryggingar | -57.600 |
| ▪ Lagt í iðgjaldasjóð á árinu | 422.400 |
| ▪ Ávöxtun ársins | 634.591 |
| ▪ Iðgjaldasjóður í lok árs | 21.642.814 |

- Mánaðarlegur lífeyrir mv. sama iðgjald og ávöxtun fram að lífeyristökualdri

| | |
|---|---|
| 2,5% | 194.919 |
| 3,5% | **203.528** |
| 4,5% | 212.471 |

# Hver er stóri munurinn?

Gamla kerfið:

- Réttindaávinnsla miðað við **fasta fyrirfram ákveðna vexti** frá því iðgjald er greitt inn þar til það kemur til endurgreiðslu
- **Mikill munur** getur myndast milli verðmætis eigna og lífeyrisloforða.
- Breytingar í **stökkum**
- Nýja kerfið:
- Réttindaávinnslan miðuð við breytilega vexti – **raunverulega ávöxtun sjóðsins** – frá því iðgjald er greitt inn þar til það kemur til endurgreiðslu
- **Jafnvægi** milli verðmætis eigna og lífeyrisloforða á hverjum tíma.
- Breytingar gerast **jafnt og þétt**
- MIÐAÐ VIÐ SÖMU VEXTI GEFA BÆÐI KERFIN SÖMU NIÐURSTÖÐU!

# GREINAR 2-16

- 2.2 Vísað til fleiri leiða í séreign og að skipta megi kostnaði m.t.t. hverrar leiðar
- 2.3 Tilgreint að lágmarkstryggingavernd er markmið. Vísað almennt í kjarasamninga
- 2.4 Hér sem annars staðar í samþykktunum er hugtakið eftirlaun tekið upp í stað ellilífeyris
- 14.1 Vísað til markmiða sbr. 2.3
- 16.12 Framlag til jöfnunar á örorkubyrði myndar nú réttindi með sama hætti og iðgjöld og fer til allra. Áður var framlagið reiknað inn í réttindatöflu og kom því bara til greiðandi

# Grein 17.1

- 17.1 Þessi grein segir til um hvernig réttindi í sjóðnum myndast. Hér eru gerðar verulegar breytingar:
- Iðgjaldinu er skipt á milli söfnunarþáttar (eftirlauna) og tryggingaþáttar (áfallalífeyris). Réttur til jafnrar ávinnslu er innifalinn í tryggingarþættinum
- Söfnunarþátturinn myndar iðgjaldasjóð. Sjóðurinn er ávaxtaður í samræmi við ávöxtun á eignum sjóðsins.
- Iðgjaldasjóðurinn er ekki séreign og erfist ekki
- Iðgjaldasjóðnum er breytt í eftirlaun í samræmi við töflu
- Eldri ákvæði sem segja að iðgjöld ávinni réttindi í samræmi við réttindatöflu eru felld niður

# GREINAR 17.2 – 17.9

- 17.2 Skýrir hvernig iðgjaldasjóður verður til og safnast upp
- 17.3 Segir til um að reikna eigi út sérstaka eignavísitölu sem mælir ávöxtun sjóðsins. Vísitöluna á að reikna út miðað við hreina raunávöxtun, þ.e. ávöxtun eftir kostnað.
- 17.4 Segir til um að iðgjald skuli fá ávöxtun í samræmi við eignavísitölu frá og með gjalddaga.
- 17.5 Segir til um að sjóðfélagi sem fengið hefur úthlutað viðmiðunariðgjaldi og á rétt á jafnri ávinnslu, fær hana áfram. Nú gerist það þannig, að í stað fastrar krónutölu í ávinnslu fær hann úthlutað svokölluðu jöfnunariðgjaldi, sem ávaxtast á sama hátt og önnur iðgjöld.
- 17.6 Segir, að eins og áður, skuli tekið tillit til réttar til jafnrar ávinnslu við framreikning.
- 17.9 Tiltekur að breytingar á réttindum geta átt sér stað vegna breytinga á tryggingafræðilegri stöðu. Segir jafnframt að ársfundur geti ákveðið hvenær breytingar koma til framkvæmda og kverður loks á um viðauka C, þar sem tilgreind skulu eldri ákvæði sem sjóðfélagar geta átt réttindi samkvæmt.

# GREIN 18

- 18.1 Segir að við töku lífeyris sé iðgjaldasjóði, eins og hann stefndur þá, breytt í eftirlaun skv. töflu

- 18.2 Tilgreinir hvernig meta skuli iðgjaldasjóð innan árs

- 18.3 Vegna þeirra sem hafið hafa töku lífeyris fyrir 67 ára aldur: Tilgreint að endurskoða skuli eftirlaun missi sjóðfélagi 50% eða meira af starfsorku sinni. Jafnframt að endurskoða skuli við 67 ára aldurinn.

- 18.4 Segir að þeir sem ávinna sér réttindi eftir 67 ára aldur geti sótt um endurskoðun og að sú endurskoðun fari fram sjálfkrafa þegar sjóðfélagi nær 70 ára aldri.

- 18.5 Tvær mögulegar tillögur. Að sá sem hefur hafið töku lífeyris geti hætt – eða að hann geti það ekki, ráðstöfunin sé endanleg

# GREIN 19

- Nú er talað um endurhæfingar- og örorkulífeyri
- 19.1 Tilgreinir hvernig iðgjaldasjóður breytist í örorkulífeyri. Vísað í grein 19.3 vegna endurhæfingarlífeyris
- 19.3 Ný grein sem fjallar um endurhæfingarlífeyri, þar sem lögð er áhersla á að reynt sé að endurhæfa umsækjendur um örorkulífeyri. Seinni hluti greinarinnar var áður í grein 19.10
- 19.5 Vísar í töflu vegna framreiknings. Tilgreinir jafnframt að á greiðslutíma örorkunnar skal lagt sama iðgjald í iðgjaldasjóð örorkulífeyrisþega og miðað var við í framreikningi og það ávaxtað með sama hætti og önnur iðgjöld
- 19.11 Seinni hluti greinarinnar hefur verið færður í grein 19.3
- 19.12 Segir að við breytingu á örorkulífeyri yfir í eftirlaun skuli miðað við iðgjaldasjóð viðkomandi örorkulífeyrisþega

# GREIN 21

- Ekki eru gerðar efnislega breytingar á 21.grein
- Greinin er endurskipulögð þannig að ljóst sé hvaða ákvæði eiga við um börn látins sjóðfélaga og hvaða ákvæði eiga við um börn örorkulífeyrisþega
- Tekin eru af öll tvímæli um að barnalífeyri vegna látins sjóðfélaga greiðist til barnsins og barnalífeyrir vegna örorkulífeyrisþega greiðist til lífeyrisþegans
- Greinar 21.1 til 21.4 fjalla um börn látins sjóðfélaga
- Greinar 21.5 til 21.8 fjalla um börn örorkulífeyrisþega

# Grein 26

- 26.1 Ákvæði sem vitna til tvenns konar tryggingafræðilegrar úttektar felld út.
- 26.2 Vísað í töflur sem fylgja um tryggingavernd og breytingar á iðgjaldasjóði í lífeyri. Reiknað með að þær skuli endurskoða árlega ef tryggingafræðilegar forsendur breytast.
- 26.3 Tekinn inn ný grein sem vísar í lagatextann um nauðsynlegar breytingar á samþykktum fari tryggingafræðileg staða út fyrir þau mörk sem skilgreind eru í lögum. Eldri greinar felldar út.
- 26.4 Enn og aftur árétta að um markmið er að ræða.

# TÖFLUR

- Tafla I – sýnir skiptingu á iðgjaldi milli söfnunarþáttar og tryggingaþáttar
- Tafla II – breytir iðgjaldasjóði yfir í eftirlaun
- Tafla III – Breytir iðgjaldasjóði yfir í örorkulífeyri
- Tafla IV – sýnir réttindi vegna framreiknings mv. aldur
- Tafla V – sýnir jöfnunariðgjald vegna jafnrar ávinnslu

# Tillaga um breytingar frá eldra réttindakerfi yfir í nýtt réttindakerfi.

- Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs haldinn 29. apríl 2015 samþykkir, með breytingum á samþykktum sjóðsins, að breyta réttindakerfi hans þannig að ávinnsla réttinda taki mið af ávöxtun sjóðsins á hverjum tíma í stað réttindatöflu með fastri ávinnslu m.t.t. aldurs. Ársfundurinn samþykkir að hið nýja kerfi skuli tekið upp frá og með 1. janúar 2016. Vegna þess millibilsástands sem skapast frá ársfundi þar til hið nýja kerfi er tekið upp samþykkir ársfundurinn eftirfarandi:

- Frá ársfundi sjóðsins 29. apríl 2015 til loka árs 2015 gilda ákvæði eldri samþykkta þ.m.t. um réttindaávinnslu og lífeyrisúrskurði, með þeirri undantekningu að ákvæði 17.2 um verðtryggingu réttinda, skal ekki gilda á því tímabili. Þannig skulu áunnin óúrskurðuð réttindi, bæði þau sem áunnin eru 30. apríl 2015 og fyrr og þau sem ávinnast frá 1. maí 2015 til 31.12.2015 skulu ekki´verðtryggð og því ekki taka breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs á þessu tímabili þ.e. frá 1. maí 2015 til 31.desember 2015.

- Í árslok 2015 skal umreikna áfallin óúrskurðuð réttindi í eldra kerfi yfir í réttindi (iðgjaldasjóði) í nýju kerfi, miðað við réttindi sjóðfélaga þann 31.12.2015. Umreikningurinn skal gerður í samræmi við tillögu tryggingingastærðfræðings sjóðsins. Við umreikninginn skal við það miðað að hlutdeild hvers árgangs í eignum sjóðsins (í formi iðgjaldasjóða) sé sú sama og hlutdeild viðkomandi árgangs í áföllnum óúrskurðuðum réttindum miðað við eldra kerfi.

# STAÐAN Í MARS 2015

Eignamat mv. nýtt kerfi – áunnið mv. eldra kerfi – framtíð mv. nýtt kerfi

| | Áunnið | Framtíð | Heildar |
|---|---|---|---|
| Eignir | 160.897,5 | | 160.897,5 |
| Fjárf.gjöld | -1.803,5 | | -1.803,5 |
| Endurmat | | | 0,0 |
| Örorkuframlag | | 5.822,5 | 5.822,5 |
| Iðgjöld | | 109.446,2 | 109.446,2 |
| | | | |
| Samtals | 159.094,0 | 115.268,7 | 274.362,7 |
| | | | |
| | | | |
| | **Áunnið** | **Framtíð** | **Heildar** |
| Ellilífeyrir | 130.265,0 | 86.286,2 | 216.551,2 |
| Örorkulífeyrir | 21.374,3 | 19.992,6 | 41.366,9 |
| Makalífeyrir | 8.688,7 | 5.039,0 | 13.727,7 |
| Barnalífeyrir | 215,0 | 1.599,4 | 1.814,4 |
| Kostnaður | 1.695,0 | 2.351,4 | 4.046,4 |
| | | | |
| Samtals | 162.238,0 | 115.268,7 | 277.506,7 |
| | | | |
| Mismunur | ( 3.144) | 0 | ( 3.144) |
| | -1,9% | 0,0% | -1,1% |

# 6. Kosning löggilts endurskoðanda

STAPI LÍFEYRISSJÓÐUR



# Kosning löggilts endurskoðanda

Tillaga

» Deloitte hf., Akureyri

- Knútur Þórhallsson,  löggiltur endurskoðandi
- Ragnar Jóhann Jónsson, löggiltur endurskoðandi

# 7. Laun stjórnar



# Stjórnarlaun

Tillaga um að stjórnarlaun verði óbreytt frá fyrra ári

- Stjórnarlaun 80.000 kr. á mánuði
- Varamaður: 40.000 kr. fyrir hvern setinn fund
- Formaður stjórnar 160.000 kr. á mánuði
- Varaformaður stjórnar 120.000 kr. á mánuði

# 8. Önnur mál





STAPI
LÍFEYRISSJÓÐUR

Takk fyrir!